

12.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 13.nóvember 2019 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Björn Torfason Melum 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins:

1. Lánasjóður sveitarfélaga, tilkynning um lækkun vaxta og Áreiðanleikakönnun viðskiptamanna lánasjóðsins. Lagt fram til kynningar og afgreiðslu.
 2. Fjárhagsáætlun 2020 – 2023. Fyrstu hugmyndir.
 3. Fjárbeiðni Stígamóta bréf lagt fram til kynningar og afgreiðslu.
 4. Bréf frá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, fundargerð lögð fram til kynningar.
 5. Tölvusamskipti/bréf til samgöngunefndar/þingmanna/ ráðherra vegna samgöngumála. Staða mála.
 6. 9. og 10.fundargerð, frá september og október.
 7. Mannvirkjastofnun/Umhverfisstofnun/Persónuvernd.
-
- 1.Lánasjóður sveitarfélaga, tilkynning um lækkun vaxta niður í 1,80% frá 1.nóvember 2019. Oddviti kynnti bréf frá sjóðnum sem varðar áreiðanleikakönnun viðskiptamanna lánasjóðsins. Oddviti vakti athygli á að í ljósi sífellt strangari reglna um persónuvernd og hvernig sú vernd geti hugsanlega haft áhrif á vilja hreppsnefndarmanna almennt til að taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar fyrir sín sveitarfélög.
 2. Fjárhagsáætlun 2020 – 2023. Fyrstu hugmyndir eru margar s.s. áframhald viðgerða á Finnbogastaðaskóla, endurbætur á fiskmóttöku, hugsanlega kaup á nýjum krana, endurnýjun á lyftara og fleira. Einnig var ákveðið að hækka húsaleigu og hækka gjaldskrá Norðufjarðarhafnar.
 3. Fjárbeiðni Stígamóta bréf lagt fram til kynningar og afgreiðslu. Hreppsnefnd ákvað að styrkja Stígamót um kr. 50.000,-
 4. Bréf frá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, fundargerð lögð fram til kynningar.

5. Tölvusamskipti/bréf til samgöngunefndar/þingmanna/ ráðherra vegna samgöngumála. Staða mála. Oddviti gaf hreppsnefndarmönnum smá skýrslu varðandi undirtektir þingmanna og fulltrúa í samgöngunefnd varðandi úrbætur á veginum yfir Veiðileysuháls.

211.

6. 9. og 10.fundargerð, frá september og október. Fundargerðir yfirfarnar og gengið frá þeim.

7. Mannvirkjastofnun/Umhverfisstofnun/Persónuvernd. Þessi mál eru í vinnslu og hefur oddviti óskað eftir samstarfi við Fjórðungssambandið og aðra aðila til að leysa málin.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00